

Fylgiseðill: upplýsingar fyrir sjúkling

Vancomycin hameln 500 mg stofn fyrir innrennslisþykkni, lausn
Vancomycin hameln 1000 mg stofn fyrir innrennslisþykkni, lausn
vankómýsínhýdróklóríð

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Vancomycin hameln og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að gefa þér Vancomycin hameln
3. Hvernig þér er gefið Vancomycin hameln
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Vancomycin hameln
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Vancomycin hameln og við hverju það er notað

Vancomycin hameln inniheldur virka efnið vankómýsín. Vankómýsín er sýklalyf sem tilheyrir hópi sýklalyfja sem kallast „glýkópeptíð“. Vankómýsín virkar með því að eyða ákveðnum bakteríum sem valda sýkingum. Vancomycin hameln duft er útbúið sem innrennslislausn eða mixtúra.

Vankómýsín er notað hjá öllum aldurshópum sem innrennslislyf til að meðhöndla eftirfarandi alvarlegar sýkingar:

- Sýkingar í húð og vefjum undir húðinni,
- Sýkingar í beinum og liðum,
- Sýkingu í lungunum sem kallast „lungnabólga“.
- Sýkingu í innra lagi hjartans (hjartaþelsbólgu) og til að fyrirbyggja hjartaþelsbólgu hjá sjúklingum í áhættu þegar þeir gangast undir meiriháttar skurðaðgerðir.

Vankómýsín má gefa fullorðnum og börnum til inntöku til að meðhöndla sýkingu í slímhúð smáparma og ristils með skemmdum á slímhúð (sýndarhimnuristilbólgu) af völdum *Clostridioides difficile* bakteríunnar.

2. Áður en byrjað er að gefa þér Vancomycin hameln

Ekki má gefa þér Vancomycin hameln:

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir vankómýsín eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).
- í vöðva vegna hættu á vefjaskemmdum (drepri) á staðnum þar sem lyfið var gefið.

Varnaðarorð og varúðarreglur

Tilkynnt hefur verið um alvarlegar aukaverkanir sem geta leitt til sjóntaps eftir inndælingu vankómýsíns í augu.

Greint hefur verið frá ofnæmisviðbrögðum við lyfinu Vancomycin hameln, þar á meðal öndunarkvillum og brjóstverk. Hættu strax notkun Vancomycin hameln og hafðu tafarlaust samband við lækni eða bráðavakt ef þú finnur fyrir einhverju þessara einkenna.

Leitið ráða hjá læknum, lyfjafræðingi eða hjúkrunarfræðingnum áður en þér er gefið Vancomycin hameln ef þú:

- hefur áður fengið alvarleg húðútbrot eða húðflögnun, blöðrur og/eða sár í munni eftir að hafa notað vankómýsín. Tilkynnt hefur verið um alvarleg húðviðbrögð, þ.m.t. Stevens-Johnson heilkenni, húðþekjudrepslos, lyfjaviðbrögð með rauðkyrningafjöld og altækum einkennum (DRESS) og bráðum útbreiddum graftarútþotum (AGEP) í tengslum við vankómýsín meðferð. Hættu notkun vankómýsíns og leitaðu lækniástoðar án tafar ef þú tekur eftir einhverju af einkennum sem lýst er í kafla 4.
- hefur áður fengið ofnæmisviðbrögð gegn teikóplaníni vegna þess að þetta gæti þýtt að þú hafir einnig ofnæmi fyrir vankómýsín,
- ert með skerta heyrn, sérstaklega ef þú ert aldraður/öldruð (þú gætir þurft að fara í heyrnarpróf meðan á meðferð stendur),
- ert með nýrnasjúkdóm (þú þarft að fara í blóðprufur og nýrnapróf meðan á meðferð stendur),
- færð vankómýsín innrennsli til að meðhöndla niðurgang tengdan *Clostridioides difficile* sýkingu í stað þess að fá það til inntöku.

Leitið ráða hjá læknum, sjúkrahúslyfjafræðingi eða hjúkrunarfræðingnum áður en þú notar Vancomycin hameln ef þú:

- færð Vancomycin hameln í langan tíma (þú gætir þurft að fara blóðprufur, lifrarpróf og nýrnapróf meðan á meðferð stendur),
- færð einhver húðviðbrögð meðan á meðferð stendur,
- færð verulegan eða langvarandi niðurgang meðan á meðferð með Vancomycin hameln stendur eða eftir að henni er lokið, skaltu tafarlaust leita ráða hjá læknum. Þetta getur verið einkenni um bólgu í þörmum (sýndahimmuristilbólgu) sem getur komið í kjölfar meðferðar með sýklalyfjum.

Börn

Gæta skal sérstakrar varúðar við notkun Vancomycin hameln hjá fyrirburum og ungum ungbörnum, vegna þess að nýru þeirra eru ekki fullproskuð og þau geta safnað upp vankómýsín í blóðinu. Þessi aldurshópur gæti þurft á blóðrannsóknnum að halda til að fylgjast með gildum vankómýsíns í blóði.

Samhliða notkun vankómýsíns og svæfingarlyfja hefur verið tengd við roða í húð (roðaþot) og ofnæmisviðbrögð hjá börnum. Á sama hátt getur samhliða notkun með öðrum lyfjum svo sem aminóglýkósíð sýklalyfjum, bólgueyðandi gígarlyfjum (NSAID, t.d. íbúprófeni) eða amfóterísíni B (lyf við sveppasýkingum) aukið hættuna á nýrnaskemmdum og því getur verið nauðsynlegt að gera tíðari rannsóknir á blóði og nýrum.

Notkun annarra lyfja samhliða Vancomycin hameln

Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð, einnig þau sem fengin eru án lyfseðils.

Þetta er sérstaklega mikilvægt ef þú tekur eitthvað af eftirfarandi lyfjum:

- Lyf sem hægja á hreyfingu þarma,
- Prótónpumpuhemla (lyf sem draga úr magni magasýru).

Gæta skal sérstakrar varúðar ef önnur lyf eru notuð samhliða, þar sem sum lyf geta haft milliverkanir við Vancomycin hameln, til dæmis lyf sem notuð eru til:

- Meðferðar við sýkingum af völdum baktería (aminóglýkósíðar, basítasín, pólýmyxín B, kólistín, píperasillín/tazóbaktam),
- Meðferðar við berklum (víómýsín),

- Meðferðar við sveppasýkingum (amfóterísín B),
- Meðferðar við krabbameini (císplatín),
- Vöðvaslökunar við skurðaðgerð,
- Svæfinga - þessi svæfingarlyf geta valdið roða, roðapoti, yfirliði, losti eða hjartaáfalli. Því skaltu láta lækinn vita að þú takir vankómýsín ef þú ert að fara í aðgerð.
- Verkjastillingar eins og íbúprófen eða önnur bólgueyðandi gígtarlyf (NSAID).
- Meðferðar við þjúg (ástand þar sem of mikið vatn er í líkamanum) eins og fúrósemíð sem er öflugt þvagræsilyf (sterk lyf sem eru gefin til að örva framleiðslu á þvagi).

Samt sem áður getur verið í lagi að þú fái Vancomycin hameln og lækningarnar ákveður hvað hentar þér best.

Meðganga og brjóstgjöf

Við meðgöngu, brjóstgjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað.

Læknirinn ákveður síðan hvort þú megir fá Vancomycin hameln.

Akstur og notkun véla

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

Vancomycin hameln ætti ekki að hafa áhrif á hæfni þína til aksturs eða notkunar véla.

3. Hvernig þér er gefið Vancomycin hameln

Heilbrigðisstarfsmenn munu gefa þér Vancomycin hameln á meðan þú ert á sjúkrahúsi. Læknirinn ákveður hversu mikið þú átt að fá af lyfinu á hverjum degi og hversu lengi meðferðin muni vara.

Skammtun

Skammturinn sem þú færð fer eftir:

- aldri þínum,
- þyngd þinni,
- sýkingunni sem þú ert með,
- hversu vel nýrun þín starfa,
- heyrn þinni,
- öðrum lyfjum sem þú gætir verið að taka.

Gjöf í bláæð

Fullorðnir og unglingar (12 ára og eldri)

Skammturinn verður reiknaður út frá líkamsþyngd þinni. Venjulegur skammtur til innrennslis er 15 til 20 mg á hvert kg líkamsþyngdar. Lyfið er yfirleitt gefið á 8 til 12 klst. fresti. Í sumum tilvikum getur læknirinn ákveðið að gefa þér upphafsskammt sem nemur allt að 30 mg á hvert kg líkamsþyngdar. Hámarksskammturinn á ekki að vera stærri en 2 g.

Notkun hjá börnum

Börn á aldrinum eins mánaðar til allt að 12 ára

Skammturinn verður reiknaður út frá líkamsþyngd barnsins. Venjulegur skammtur til innrennslis er 10 til 15 mg á hvert kg líkamsþyngdar. Lyfið er yfirleitt gefið á 6 klst. fresti.

Fyrirburar og fullburar (á aldrinum 0 til 27 daga)

Skammturinn er reiknaður út frá eftirtíðaa aldri (tíminn frá fyrsta degi síðustu tíða að fæðingu (meðgöngualdur) auk tímans sem liðinn er frá fæðingu (eftirburðaraldur)).

Aldraðir, þungaðar konur og sjúklingar með skerta nýrnastarfsemi, þar með taldir þeir sem eru í skilun, gætu þurft aðra skammta.

Gjöf með inntöku

Fullorðnir og unglíngar (frá 12 til 18 ára)

Ráðlagður skammtur er 125 mg á 6 klst. fresti. Í sumum tilfellum gæti lækurinn ákveðið að gefa þér stærri dagskammt, allt að 500 mg á 6 klst. fresti. Hámarksdagskammturinn á ekki að vera stærri en 2 g.

Ef þú hefur áður fengið önnur tilvik (sýkingu í slímhúð) gætir þú þurft annan skammt og aðra meðferðarlengd.

Notkun hjá börnum

Nýburar, ungbörn og börn yngri en 12 ára

Ráðlagður skammtur er 10 mg fyrir hvert kg líkamsþyngdar. Lyfið er yfirleitt gefið á 6 klst. fresti. Hámarksdagskammturinn á ekki að vera stærri en 2 g.

Aðferð við lyfjagjöf

Til notkunar í bláæð

Innrennsli í bláæð þýðir að lyfið rennur úr innrennslisflösku eða poka í gegnum slöngu og inn í eina af æðunum og inn í líkamann. Lækurinn eða hjúkrunarfræðingur munu alltaf gefa þér vankómýsín í blóðið og ekki í vöðva.

Vankómýsín verður gefið í bláæð á a.m.k. 60 mínútum.

Til inntöku

Ef lyfið er gefið til að meðhöndla sjúkdóma í maga (svokallaða sýndarhimmuristilbólgu) þarf að gefa lyfið sem mixtúru til inntöku (þú tekur lyfið um munn).

Meðferðarlengd

Lengd meðferðar fer eftir sýkingunni sem þú ert með og getur varað í nokkrar vikur.

Meðferðarlengdin getur verið mismunandi eftir því hvernig hver sjúklingur svarar meðferðinni.

Meðan á meðferð stendur gætir þú farið í blóðprufur, verið beðin(n) um að gefa þvagsýni og hugsanlega farið í heyrnarpróf til að leita að merkjum um hugsanlegar aukaverkanir.

Ef gefinn er stærri skammtur af Vancomycin hameln en mælt er fyrir um

Þar sem þér verður gefið lyfið á meðan þú ert á sjúkrahúsinu er ólíklegt að þú fái of lítinn eða of stóran skammt af lyfinu, en láttu lækurinn eða hjúkrunarfræðinginn vita ef þú hefur einhverjar áhyggjur. Leitið til læknisins eða hjúkrunarfræðingsins ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222).

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Vankómýsín getur valdið ofnæmisviðbrögðum, þótt alvarleg ofnæmisviðbrögð (ofnæmislost) séu mjög sjaldgæf. Hafðu tafarlaust samband við lækinn ef þú færð skyndilega önghljóð við öndun, átt erfitt með andardrátt, færð roða á efri hluta líkamans, útbrot eða kláða.

Hættu notkun vankómýsíns og leitaðu lækni aðstoðar án tafar ef þú tekur eftir einhverju af eftirfarandi einkennum:

- **Rauðleitum, ekki upphleypum, skotskífulaga eða kringlóttum flekkjum á búknum, oft með blöðrum í miðjunni, húðflögnun, sár í munn, hálsi, nefi, kynfærum og augum. Hiti og flensulík einkenni geta komið á undan þessum alvarlegu húðútbrotum (Stevens-Johnson heilkenni og húðþekjudreplos).**
- **Útbreidd útbrot, hár líkamshiti og stækkaðir eitlar (DRESS eða lyfjaofnæmisheilkenni).**
- **Rauð, hreistruð, dreifð útbrot með ójöfnum undir húðinni og blöðrum, þessu fylgir hiti við upphaf meðferðar (bráð útbreidd graftarútpot).**
- **Brjóstverkur, sem kann að vera merki um mögulega alvarleg ofnæmisviðbrögð sem kallast Kounis-heilkenni**

Frásög vankómýsíns úr meltingarvegi er hverfandi. Hins vegar, ef þú ert með bólgusjúkdóm í meltingarvegi, sérstaklega ef þú ert einnig með nýrnasjúkdóm, geta aukaverkanir komið fram þegar vankómýsín er gefið með innrennsli.

Algengar aukaverkanir (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10 einstaklingum)

- Blóðþrýstingslækkun,
- Mæði, öndunarhljóð (hátíðnihljóð sem orsakast af hindrun loftflæðis vegna þregingar í efri hluta öndunarvegjar),
- Útbrot og bólga í slímhúð munnsins, kláði, kláðaútbrot, ofsakláði,
- Nýrnvandamál sem greinast helst með blóðprufum,
- Roði á efri hluta líkamans og í andliti, bólga í bláæð,
- Hækkun lifrarendsima.

Sjaldgæfar aukaverkanir (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 100 einstaklingum)

- Tímabundið eða varanlegt heyrnartap.

Mjög sjaldgæfar aukaverkanir (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 1000 einstaklingum)

- Fækkun hvítra blóðkorna, rauðra blóðkorna og blóðflagna (blóðfrumur sem stjórna storknun blóðsins),
- Aukning á sumum hvítum blóðkornum,
- Jafnvægistruflanir, suð fyrir eyrum, sundl,
- Bólga í æðum,
- Ógleði (flökurleiki),
- Bólga í nýrum og nýrnabilun,
- Verkur í brjósti og bakvöðvum,
- Hiti, kuldaþrollur.

Koma örsjaldan fyrir (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10.000 einstaklingum)

- Skyndileg alvarleg ofnæmisviðbrögð í húð með flögnun, blöðrumyndun eða húðflugsum sem flagna af. Þessu getur fylgt hár hiti og verkir í liðamótum,
- Hjartastopp,
- Bólga í þörmum sem veldur kviðverk og niðurgangi sem getur verið blóðugur.

Tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirbyggjandi gögnum)

- Uppköst, niðurgangur,
- Ringlun, svefnhöfði, orkuleysi, bólga, vökvasöfnun, minnkuð þvagmyndun,
- Útbrot með bólgu eða verk á bak við eyrun, í hálsi, nára, undir höku og í handarkrikum (bólgnir eitlar), óeðlileg blóð- og lifrarpróf,
- Útbrot með blöðrum og hita
- Mikið niðurbrot rauðra blóðkorna sem veldur þreytu og fölri húð (rauðalosblóðleysi).

Tilkynning aukaverkana

Látíð lækninn, sjúkrahúslyfjafræðingur eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Vancomycin hameln

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á öskjunni og merkimiðanum á eftir „EXP“. Fyrningardagsetningin er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Ekki er þörf á sérstökum geymsluaðstæðum.

Stöðugleiki blönduðu og þynntu lausnarinnar er gefinn í lok fylgiseðilsins í kaflanum sem ætlaður er heilbrigðisstarfsmönnum.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Vancomycin hameln inniheldur

- Virka innihaldsefnið er vankómýsín (sem hýdróklóríð).
- Engin önnur innihaldsefni eru til staðar.

Vancomycin hameln 500 mg:

Hvert hettuglas inniheldur 500 mg af vankómýsínhýdróklóríði sem jafngildir 500.000 a.e. af vankómýsín.

Vancomycin hameln 1000 mg:

Hvert hettuglas inniheldur 1000 mg af vankómýsínhýdróklóríði sem jafngildir 1.000.000 a.e. af vankómýsín.

Lýsing á útliti Vancomycin hameln og pakkningastærðir

Vancomycin hameln 500 mg og 1000 mg:

Beinhvít eða ljósdrapplitað duft.

Litlaust hettuglas úr gleri af tegund I með brómóbútýltappa og álhettu með fjólubláu (500 mg) eða grænu (1000 mg) smelluloki úr plasti.

Pakkningastærðir: 1, 5, 10 hettuglös

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

Markaðsleyfishafi og framleiðandi

Markaðsleyfishafi

hameln pharma gmbh
Inselstraße 1
31787 Hameln
Þýskalandi

Framleiðandi

Anfarm Hellas S.A.
61st Km National Road Athens Lamia
320 09 Schimatari Viotia
Grikkland

Þetta lyf hefur markaðsleyfi í löndum Evrópska efnahagssvæðisins undir eftirfarandi heitum:

Danmörku:	Vancomycin hameln
Finnlandi:	Vancomycin hameln
Ísland:	Vancomycin hameln
Írland:	Vancomycin 500 mg powder for concentrate for solution for infusion Vancomycin 1000 mg powder for concentrate for solution for infusion
Króatíu:	Vankomicín hameln 500 mg prašak za koncentrát za otopinu za infúziu Vankomicín hameln 1000 mg prašak za koncentrát za otopinu za infúziu
Noregi:	Vancomycin hameln
Slóvakíu:	Vancomycin hameln 500 mg prašok na koncentrát na infúzny roztok Vancomycin hameln 1000 mg prašok na koncentrát na infúzny roztok
Slóvenía:	Vankomycín hameln 500 mg prašok za koncentrát za raztopino za infundiranje Vankomycín hameln 1000 mg prašok za koncentrát za raztopino za infundiranje
Svíþjóð:	Vancomycin hameln 500 mg pulver till koncentrát till infusionsvetska, lösning Vancomycin hameln 1000 mg pulver till koncentrát till infusionsvetska, lösning
Tékkland:	Vancomycin hameln

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður 01/2026

Upplýsingar sem hægt er að nálgast annars staðar

Ráðgjöf/læknisfræðilegar upplýsingar

Sýklalyf eru notuð til að lækna bakteríusýkingar. Þau gagnast ekki gegn veirusýkingum.

Ef læknirinn hefur ávísað sýklalyfjum, þarftu nákvæmlega þau lyf við núverandi veikindum þínum.

Þrátt fyrir notkun sýklalyfja, geta sumar bakteríur lifað af og fjölgað sér. Þetta fyrirbæri kallast sýklalyfjaónæmi: sum sýklalyf geta orðið gagnslaus.

Röng notkun sýklalyfja eykur sýklalyfjaónæmi. Þú getur jafnvel hjálpað bakteríum við að mynda ónæmi og þannig tafið lækningu eða dregið úr gagnsemi sýklalyfja ef þú virðir ekki viðeigandi:

- skömmtun
- tímasetningu lyfjagjafar
- lengd meðferðar

Þar af leiðandi, til þess að viðhalda virkni lyfsins:

1. Notaðu sýklalyf aðeins þegar þeim hefur verið ávísað af lækni.
2. Farðu nákvæmlega eftir fyrirmælunum á lyfseðlinum,
3. Ekki nota sýklalyf aftur án ávísunar, jafnvel þótt þú viljir meðhöndla svipuð einkenni.

Eftirfarandi upplýsingar eru einungis ætlaðar heilbrigðisstarfsmönnum:

Vancomycin hameln 500 mg stofn fyrir innrennslisþykkni, lausn
Vancomycin hameln 1000 mg stofn fyrir innrennslisþykkni, lausn

Leiðbeiningar um notkun og meðhöndlun

Undirbúningur blönduðu lausnarinnar

Fyrir notkun skal bæta 10 ml af vatni fyrir stungulyf í 500 mg hettuglasið eða 20 ml af vatni fyrir stungulyf í 1000 mg hettuglasið. Hettuglös sem eru blönduð á þennan hátt innihalda lausn sem er 50 mg/ml. Við blöndun í vatni myndar það tæra lausn.

FREKARI ÞYNNING ER NAUÐSYNLEG. Lesið leiðbeiningarnar hér fyrir neðan.

Undirbúningur þynnta innrennslislyfsins, lausnar

Blandaðar lausnir sem innihalda 50 mg/ml af vankómýsíní þarf að þynna enn frekar, allt eftir aðferð við lyfjagjöf. Eftirfarandi lausnir eru hentug þynningarefni til blöndunar á innrennslislausn:

- Natríumklóríð 9 mg/ml (0,9%) lausn,
- Glúkósi 50 mg/ml (5%) lausn,
- Ringer-laktat lausn,
- Natríumklóríð 9 mg/ml (0,9%) lausn og glúkósi 50 mg/ml (5%) lausn,
- Natríumklóríð 3 mg/ml (0,3%) lausn og glúkósi 33 mg/ml (3,3%) lausn,
- Ringer-laktat lausn og glúkósi 50 mg/ml (5%) lausn

Ósamfellt innrennsli er ákjósanlegasta aðferðin við lyfjagjöf.

Blandaðar lausnir sem innihalda 500 mg af vankómýsíní þarf að þynna með a.m.k. 100 ml af þynningarefni.

Blandaðar lausnir sem innihalda 1000 mg af vankómýsíní þarf að þynna með a.m.k. 200 ml af þynningarefni.

Gefa skal áformaðan skammt með innrennsli í bláæð á að minnsta kosti 60 mínútum. Ef innrennslið er gefið á skemmri tíma eða með hærri þéttni, getur það kallað fram merkjanlegan lágþrýsting auk segabláæðabólgu. Hröð gjöf lyfsins getur einnig valdið roða og skammvinnum útbrotum á hálsi og öxlum.

Samfellt innrennsli (á aðeins að nota þegar ósamfellt innrennsli er ekki mögulegt).

Bæta má 1-2 g við nægilegt magn af viðeigandi ofangreindu þynningarefni til að hægt sé að gefa áformaðan dagskammt hægt með dreypi í bláæð á 24 klst.

Stungu- og innrennslislyf skal skoða með tilliti til agna og mislitunar fyrir lyfjagjöf, ef lausnin og ílátið leyfa. Aðeins má nota tæra og litlausa lausn án agna.

Undirbúningur mixtúru, lausnar

Nota má innihald hettuglása með stungu- eða innrennslislyfi.

Blanda má innihaldi eins Vancomycin hameln 500 mg hettuglass með 30 ml af vatni og innihaldi eins Vancomycin hameln 1000 mg hettuglass með 30 eða 60 ml af vatni og gefa sjúklingnum til drykkjar.

Geymsla

Engin sérstök fyrirmæli eru um geymsluaðstæður lyfsins.

Gjöf í bláæð

Blönduð lausn:

Sýnt hefur verið fram á efna- og eðlisfræðilegan stöðugleika þykknisins eftir blöndun í allt að 24 klst. við 25 °C eða í allt að 96 klst. í kæli (2 °C til 8 °C).

Þynnt lausn:

Sýnt hefur verið fram á efna- og eðlisfræðilegan stöðugleika lausnarinnar eftir frekari þynningu í allt að 24 klukkustundir við 25 °C eða 96 klst. í kæli við 2-8 °C, fyrir styrkleikabilið 5 mg/ml til 10 mg/ml.

Frá örverufræðilegu sjónarmiði ætti að nota lyfið strax. Ef það er ekki notað tafarlaust, er geymslutími þess og geymsluskilyrði fyrir notkun á ábyrgð notandans og á almennt ekki að vera lengri en 24 klst. við 2 °C til 8 °C, nema blöndun/þynning hafi farið fram við stýrðar og gildaðar aðstæður að viðhafðri smitgát.

Gjöf með inntöku

Blandaðar lausnir til inntöku má geyma í kæli (2 °C til 8 °C) í 96 klukkustundir.